

Baðstofumynd Bárðar-eintak kennara

Bárður tók fyrstu ljósmynd af fólki í baðstofu í íslenskum torfbæ. Á kvöldin, sérstaklega yfir vetrartímann, vann fólkið með ullina, saumaði, þrjónaði og spann. Börn ýmist þrjónuðu eða léku sér og oft var einhver sem las fyrir hina, söng eða sagði sögur. Þessi tími í baðstofunni kallaðist *kvöldvaka*.



Þetta verkefni væri hentugt sem ítarefni fyrir fræðslu um líf í baðstofum torfbæja á Íslandi. Verkefnið gæti til dæmis tengst námsbókunum *Ísland áður fyrr*, *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* eða öðru sambærilegu námsefni sem fjallar um þennan mikilvæga þátt í sögu íslenskrar þjóðmenningar. Ýmislegt áhugavert má sjá á myndinni, til dæmis leikföng barna, heimilsframleiðslu (fatagerð), skemmtun og fræðslu og samveru fjölskyldunnar. Verkefnið gæti einnig verið í formi umræðna í tíma.

Skoðið myndina vel.

Hugmyndir að spurningum og umræðum með nemendum:

1. Hvað eru margir fullorðnir á myndinni? _____
2. Hvað eru mörg börn? _____
3. Hvað eru margir í þinni fjölskyldu? _____
4. Hvað heitir tækið með hjólinu á? _____

Til hvers var það notað?



5. Hvað eru stelpurnar á myndinni að gera? _____

6. Hvað eru strákarirnir að leika sér með? _____

Myndir þú vilja eiga svona leikföng? _____

Af hverju/af hverju ekki?

7. Af hverju er maðurinn að lesa?

Segja nemendum frá því að ekki hafi verið til sjónvarp, útvarp og tölvur. Helsta afþreying fólks var að hlusta á ýmsar sögur (til dæmis þjóðsögur) og kvæði. Þá var það hlutverk einhvers á kvöldvökunni í baðstofunni að lesa eða syngja fyrir heimilisfólkið meðan það sinni ullarvinnu.

8. Hvernig eru föt fólksins á myndinni öðruvísi en þín föt?

9. Lýstu því sem þú sérð á myndinni



10. Hvað gerir þú og fjölskyldan þín þegar þið komið heim úr skólanum/vinnunni á kvöldin?

Út frá ljósmyndinni úr baðstofunni mætti vekja upp umræður hjá nemendum um breytingar á samfélags-og fjölskyldugerð síðastliðin hundrað ár. Þar mætti benda á tækniþróun (sumir nemendur svara eflaust að þau horfi á sjónvarp eða leiki sér í tölvu þegar þau koma heim úr skólanum), fjölda einstaklinga innan heimila og lærdóm og vinnu innan veggja heimilis. Á myndinni má sjá fólk sem er að undirbúa gerð fatnaðar (benda á að ekki voru til neinar fatabúðir á þessum tíma). Einnig er áhugavert að ræða heitið „baðstofa“ og bera það saman við „baðherbergi“ og mismunandi notkun þessara herbergja.